



Jafnt og stöðugt launaskrið

Launavísitalan hækkaði um 0,2% milli júlí og ágúst og hefur alls hækkað um 7,2% frá ágúst 2016. Hækkunartaktur launa á ársgrundvelli hefur verið nokkuð stöðugur síðustu mánuði, rúmlega 7% og hefur lækkað töluvert frá vorinu 2016, þegar árhækkunin náði hámarki í rúmlega 13% á tímabili. Vegna lágrar og stöðugar verðbólgu hefur kaupmáttur launa aukist jafnt og þétt í takt við hækkun nafnlauna og verið í sögulegu hámarki síðustu 3 mánuði. Kaupmáttur launa er nú um 5% meiri en fyrir ári síðan.

Launaskrið nokkuð stöðugt


Áfangahækkunir launa samkvæmt kjarasamningum til meginþorra launafólks á almenna vinnumarkaðnum voru í kringum 6,2% í maí 2016 og 4,5% í maí 2017. Sérkjarasamningar af ýmsu tagi hafa mögulega hækkað þessar tölur eitthvað, en þetta var meginlínán á almenna markaðnum. Samkvæmt kjarasamningum ætti hækkunartaktur launa því að vera í kringum 4,5% um þessar mundir, en hækkunartaktur launavísitölu hefur verið rúmlega 7% síðustu mánuði.¹ Þróun launavísitölnunnar er því vísbending um að jafnt og stöðugt launaskrið sé í gangi. Sú staða ætti ekki að koma á óvart miðað við mikinn hagvöxt og skort á vinnuafli.

Laun miðað við samkeppnislönd

Þó dregið hafi úr launahækkunartakti eru launahækkunir hér á landi ennþá mun meiri en í þeim löndum sem við eigum í mestum viðskiptum við. Í nýlegri [Hagsjá](#) kom t.d. fram að íslenska launavísitalan, mæld í evrum, hækkaði um 60% frá 2012 til 2016. Á sama tíma hækkuðu laun í helstu viðskiptalöndum okkar að hámarki um 6-8%, voru nær óbreytt í Svíþjóð og lækkuðu um rúm 10% í Noregi, allt mælt í evrum.


¹ Launavísitala almenna markaðarins nær reyndar aðeins fram í júní, en var vel yfir 7% í maí og júní eftir að hafa verið mun lægri mánuðina á undan.

Launapróun og kaupmáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launapróun í evrum



Heimild: Eurostat, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild, Seðlabanki Íslands. Launakostnaður á vinnustund í Evrópulöndum, launavísitala á Íslandi.



Launaþróun einstakra hópa

Upplýsingar um launaþróun innan einstakra hópa á vinnumarkaðnum koma mun seinna en launavísitalan fyrir heildina. Nýjustu tölur eru fyrir júnímánuð og þar með fyrir annan ársfjórðung í ár. Launavísitalan í heild hækkaði um 6,7% frá 2. ársfjórðungi 2016 til sama tíma 2017.

Almenni og opinberi vinnumarkaðurinn

Laun á almenna markaðnum hækkuðu um 6,2% á milli 2. ársfjórðungs 2016 og sama tíma 2017. Á sama tíma hækkuðu laun á opinbera markaðnum alls um 7,7%, 7,4% hjá starfsmönnum ríkisins og 8,1% hjá starfsmönnum sveitarfélaga. Eins og áður segir kom 4,5% samningsbundin hækkun á almenna markaðnum til framkvæmda 1. maí 2017. Sú næsta kemur ekki fyrr en í maí á næsta ári, verði samningum ekki sagt upp. Hækkun á opinbera markaðnum hefur því verið meiri á þessu tímabili, en hækkunin var meiri á þeim almenna frá fyrri ársfjórðungi. Sveiflur af þessu tagi jafnast oftast út.

Launahækkunir starfsstétta

Hækkun einstakra starfsstétta frá 2. ársfjórðungi 2016 til sama tíma 2017 var á bilinu 5-7%. Laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks hækkuðu mest, eða um 7,7%. Minnsta hækkunin var hjá stjórnendum, 5,2%.

Launaþróun í atvinnugreinum


Launabreytingar í atvinnugreinum milli 2. ársfjórðungs 2016 og sama tíma 2017 voru á bilinu 4,2-7,5%. Þrjár greinar skera sig nokkuð úr, flutningar og geymsla, byggingarstarfsemi og verslun, en þessar greinar standa næst þenslunni í hagkerfinu. Laun í veitustarfsemi hækkuðu minnst, eða um 4,2%, sem er langtum minna en hækkun launavísitölnnar á sama tímabili.

Áframhald kjarasamninga

Í febrúar var gildistími nógildandi kjarasamninga framlengdur um eitt ár. Launahækkun upp á 4,5% kom til framkvæmda á almenna markaðnum þann 1. maí og gildi samningurinn áfram munu laun almennt hækka um 3% þann 1. maí 2018.


Töluverður fjöldi samninga er nú laus, aðallega á opinbera markaðnum, og eru viðræður í gangi. Niðurstöður þeirra viðræðna munu eflaust ráða

Launaþróun hópa á vinnumarkaði á 2. ársfjórðungi 2017




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun eftir starfsstéttum - breyting á 2. ársfj. 2017



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun eftir atvinnugreinum - breyting á 2. ársfj. 2017



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



miklu um hvort kjarasamningar verði framlengdir í febrúar 2018.

Staðan á vinnumarkaðnum er sérstök að því leyti nú að öll markmið um kaupmáttaraukningu og stöðugleika í kaupmætti hafa náðst. Markmið við kjarasamningsgerð snúast því ekki um að endurheimta tapaðan kaupmátt og því ætti að vera hægt að snúa sér að öðrum þáttum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeðideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.